

Sp.

280. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf störf 18. okt. s. l. við undirbúning að afgreiðslu fjárlaga. Nefndin hefur síðan haldið 40 formlega fundi auk undirnefndarfunda og meirihlutafunda. Yfir 200 aðilar hafa komið á fund nefndarinnar síðan hún hóf störf eftir þingbyrjun, auk fjölda aðila sem haft hafa samband við einstaka nefndarmenn eða nefndarhluta. Fyrstu viku októbermánaðar átti nefndin einnig fundi með fulltrúum frá 60-70 sveitarstjórnnum í landinu, þannig að alls hafa komið á formlega fundi til nefndarinnar nálega 300 aðilar.

Fyrir 2. umræðu leggur nefndin fram tillögur um skiptingu á fjárveitingum til allra framkvæmdaflokka, auk breytingartillagna við ýmsa liði frv. og birtast þær á þskj. 268. Þessar breytingartillögur flytur nefndin sameiginlega, en fulltrúar minni hlutans áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins og munu fulltrúar stjórnarandstöðunnar skila séráliti.

Allar breytingartillögur nefndarinnar eru fluttar á forsendum frumvarpsins. Á hinn bóginn hefur ríkisstjórnin ákveðið nýjar verðlags- og launaforsendur fyrir frumvarpið, sem taka mið af nýgerðum kjarasamningum og efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Í samræmi við þessar ákvarðanir verða lagðar fram breytingartillögur við frumvarpið fyrir 3. umræðu þar sem hinar nýju verðlags- og launaforsendur koma fram. Munu þær eftir því sem við á taka til þeirra breytinga sem samþykktar kunna að verða við 2. umræðu. Til 3. umræðu biður einnig tekjuhlíð frumvarpsins, B-hluta stofnanir og heimildir samkvæmt 6. gr., auk ýmissa viðfangsefna, svo sem ríkisspítala, stöðuheimilda á heilbrigðisstofnunum, Vegagerðar ríkisins o. fl.

Samkvæmt þeim breytingartillögum, sem fjárveitinganefnd flytur við þessa umræðu, hækka útgjöld um liðlega 231 millj. króna, sem er um 1% af heildarútgjöldum fjárlagafrumvarpsins. Mikils aðhalds hefur verið gætt í meðförum nefndarinnar á frumvarpinu. Þó bera tillögur nefndarinnar það með sér að hún telur óhjákvæmilegt að gera breytingar á ýmsum liðum frumvarpsins og er þar í sumum tilvikum um hreinar leiðréttingar að ræða. Allt styður það þá heildarstefnu að fjárlög geti gefið sem raunhæfasta mynd af umfangi ríkisbúskaparins og um leið útgjöldum einstakra stofnana og ráðuneyta. Þetta er nauðsynlegt til þess að hægt sé að beita fjárlögunum sem virku stjórnþæki til sparnaðar og aðhalds, eins og nú er óhjákvæmilegt í ríkisrekstrinum, jafnvel fremur en nokkru sinni fyrr.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á gjaldahlíð frumvarpsins eru þessar:

00 Æðsta stjórn ríkisins.

- 101 Embætti forseta Íslands: Önnur gjöld hækki um 3 200 þús. kr. og verði 7 326 þús. kr. Þessi hækking skiptist þannig að liðurinn Opinberar heimsóknir hækkar um 1 200 þús. kr. og viðhald hækkar um 2 000 þús. kr.
- 201 Alþingi: Liðurinn hækki alls um 10 000 þús. kr. sem skiptist eins og hér segir: 1.02 Skrifstofu- og alþingiskostnaður hækki um 4 000 þús. kr., 1.04 Útgáfukostnaður Alþingistíðinda hækki um 2 820 þús. kr. 1.05 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka hækki um 180 þús. kr. og 1.32 Norðurlandaráð hækki um 3 000 þús. kr.

- 301 Ríkisstjórn: Laun hækki um 450 þús. kr. vegna nýs aðstoðarráðherra í heilbrigðisráðuneyti og verði alls 14 830 þús. kr.

01 Forsætisráðuneyti.

- 102 Þjóðhagsstofnun: Gjöld hækki alls um 886 þús. kr., sem skiptist þannig: Laun hækki um 576 þús. kr. og önnur gjöld hækki um 1 196 þús. kr. en sértekjur hækki á móti um 886 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneyti.

- 201 Háskóli Íslands: 1.02 Sameiginleg útgjöld hækki um 5 700 þús. kr., sem skiptist þannig: Laun vegna stundakennslu hækki um 3 500 þús. kr. og önnur gjöld hækki um 2 200 þús. kr. Nýr liður: 5.50 Viðhald fasteigna 10 000 þús. kr. verði tekinn upp. Viðhald fasteigna háskólans yrði þá greitt af þeim lið en ekki af lið 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup.
- 202 Tilraunastöð háskólans á Keldum: Liðurinn hækki alls um 500 þús. kr. sem skiptist þannig að laun hækka um 350 þús. kr. vegna nýrrar stöðu fisksjúkdómafræðings og önnur gjöld vegna hennar um 250 þús. kr. Á móti hækka sértekjur stofnunarinnar um 100 þús. kr.
- 203 Raunvísindastofnun háskólans: Liðurinn 1.20 Eðlisfræðistofa hækkar úr 4 364 þús. kr. í 4 642 þús. kr. til að mæta auknum launakostnaði vegna starfrækslu massagreinis.
- 206 Orðabók háskólans: Önnur gjöld hækki um 300 þús. kr. vegna reksturs tölvukerfis stofnunarinnar.
- 305 Menntaskólinn við Sund: Stofnkostnaður lækkar um 11 200 þús. kr.
- 307 Menntaskólinn á Egilsstöðum: Stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr.
- 308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut: Stofnkostnaður hækkar um 4 000 þús. kr.
- 319 Framhaldsskólar, almennt: Liðurinn hækkar úr 16 180 þús. kr. í 16 210 þús. kr. eða um 30 þús. kr. til þess að hægt verði að ljúka könnun á því hvort hagkvæmt sé að reisa fiskvinnsluskóla á Siglufirði.
- 321 Kennaraháskóli Íslands: Liðurinn hækkar alls um 4 300 þús. kr. sem skiptist þannig: Laun hækki um 600 þús. kr., viðhald um 400 þús. kr. vegna Æfinga- og tilraunaskólans. Stofnkostnaður hækki um 2 000 þús. kr. og rekstrargjöld um 1 300 þús. kr.
- 322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans: Önnur gjöld hækki um 300 þús. kr.
- 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Stofnkostnaður hækki um 400 þús. kr.
- 355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum: Stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr.
- 357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi: Stofnkostnaður hækki um 6 500 þús. kr.
- 422 Námsgagnastofnun: Önnur gjöld hækki samtals um 900 þús. kr. sem skiptist þannig að 1.30 Fræðslumyndasafn hækki um 650 þús. kr. og 1.40 Kennslumiðstöð hækkar um 250 þús. kr.
- 501 Tækniskóli Íslands: Laun hækki um 500 þús. kr. og verði 21 698 þús. kr.
- 514 Iðnskólinn í Reykjavík. Nýr liður: Viðhald verði 1 800 þús. kr.
- 516 Iðnskólar, almennt: Stofnkostnaður hækkar um 800 þús. kr.
- 553 Hússtjórnarskólar: Viðhald hækki um 1 000 þús. kr. og verði 3 000 þús. kr.
- 610 Héraðsskólar, almennt: Gjöld hækki alls um 2 100 þús. kr. og skiptast með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Viðhald hækkar um 600 þús. kr. og stofnkostnaður um 1 500 þús. kr.
- 730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög: Stofnkostnaðurinn hækkar um 16 368 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögu nefndarinnar.
- 799 Heyrnleysingjaskólinn: Viðhald hækki um 270 þús. kr.

- 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Stofnkostnaður hækki um 4 901 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög: Gjöld hækki alls um 2 000 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á liði: 1.15 Styrkur til útgáfustarfa hækkar um 1 000 þús. kr. og 1.22 Stúdentagarðar, viðhald, hækkar um 1 000 þús. kr.
- 901 Landsbókasafn: Laun hækka um 100 þús. kr.
- 907 Listasafn Íslands: Gjöld hækki um 1 265 þús. kr. sem skýrist af því að önnur gjöld hækka um 1 000 þús. kr. auk þess sem sértekjur lækka um 265 þús. kr.
- 909 Blindrabókasafn Íslands: Gjöld hækka alls um 1 244 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á gjaldaliði að laun hækka um 380 þús. kr. og önnur gjöld um 700 þús. Sértekjur lækka um 164 þús. kr.
- 980 Listskreytingasjóður ríkisins: Stofnkostnaður hækkar um 2 700 þús. kr.
- 982 Listir, framlög: Liður hækki alls um 6 210 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar breytingar á viðfangsefnum. Vert er þó að geta þess að gert er ráð fyrir að teknir verði upp 4 nýir liðir: Félag íslenskra myndlistarmanna, verði 500 þús. kr., Myndlistarskólinn í Reykjavík, verði 1 000 þús. kr., Myndlistarskólinn á Akureyri, verði 1 600 þús. kr., og Alþýðuleikhúsið, verði 1 500 þús. kr. Brott fellur hins vegar liðurinn Myndlistarskólar, styrkir, sem var 1 800 þús. kr.
- 983 Vísindaleg starfsemi, styrkir: Liðurinn hækkar alls um 600 þús. kr. Nýr liður: Surtseyjarfélagið, byggingarstyrkur, 500 þús. kr. er tekinn upp.
- 986 Íþróttasjóður, 6.20 Bygging íþróttamannvirkja, hækkar um 1 360 þús. kr. og skiptist liðurinn eins og fram kemur í breytingartillögum nefndarinnar.
- 988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækkar um 1 930 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna um skiptingu hækkunarinnar á einstaka liði.
- 989 Ýmis íþróttamál: Liðurinn hækkar um 515 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna um skiptingu hækkunarinnar. Vert er þó að geta þess að tekinn er upp nýr liður: Prekprófun ungmenna 1985, 200 þús. kr.
- 991 Húsfriðun: Liðurinn hækkar alls um 2 257 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að liðurinn 6.40 Byggða- og minjasöfn hækkar um 1 587 þús. kr. Nýr liður, Torfusamtökin, verði 700 þús. kr.
- 999 Ýmislegt: Liðurinn hækkar alls um 1 300 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu hækkunarinnar á einstaka liði. Vert er þó að geta þess að teknir eru upp tveir nýir liðir: Hlíðardalsskóli, viðhald, verði 300 þús. kr., og Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum, sædýrasafn, 100 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneyti.

- 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands: Gjöld hækki um 7 500 þús. kr. og verði 20 500 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti.

- 171 Jarðeignir ríkisins: Gjöld hækki um 1 200 þús. kr. og verði 6 105 þús. kr.
- 172 Jarðasjóður: Gjöld hækki um 470 þús. kr. og verði 900 þús. kr.
- 201 Búnaðarfélag Íslands: Gjöld hækki um 370 þús. kr. Hækkunin stafar af því að tekinn er upp nýr liður, Landþurrkun, sem verður 370 þús. kr.
- 207 Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum: Laun hækki um 2 240 þús. kr.
- 231 Skógrækt ríkisins: Liðurinn hækki um 800 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr., Tilraunir með rótarskóga um 50 þús. kr. og Nytjaskógar hækkar um 250 þús. kr.

- 246 Veidimálaskrifstofan: Liðurinn hækkar um 1 350 þús. kr. vegna þess að tekinn er upp nýr liður: Laxeldisstöðin í Kollafirði, endurgreiðsla lána og stofnkostnaðar.
- 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun: Liðurinn hækkar alls um 19 694 þús. kr. og verður 37 694 þús. kr. Um skiptingu hækkunarinnar vísast til breytingartillagna nefndarinnar.
- 501 Bændaskólinn á Hvanneyri: Liðurinn hækki alls um 1 550 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að viðhald hækkar um 650 þús. kr. og stofnkostnaður um 900 þús. kr.
- 502 Bændaskólinn á Hólum: Liðurinn hækkar alls um 2 000 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að laun hækka um 500 þús. kr. og stofnkostnaður um 1 500 þús. kr. vegna starfsmannaíbúða.
- 503 Garðyrkjuskóli ríkisins: Viðhald gróðurhúsa hækkar um 400 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti.

- 216 Ríkismat sjávarafurða: Liðurinn hækkar alls um 4 283 þús. kr. Laun hækka um 4 592 þús. kr. og önnur gjöld um 6 209 þús. kr. Sértekjur hækka hins vegar á móti um 6 518 þús. kr.
- 299 Sjávarútvegsból, ýmis starfsemi: Gjöld hækki um 2 500 þús. kr. vegna liðarins 1.21 Sjóvinnukennsla sem hækkar úr 500 þús. kr. í 3 000 þús. kr.

06 Dómsmálaráðuneyti.

- 234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi: Laun hækki um 350 þús. kr. og verði alls 20 377 þús. kr.
- 281 Dómsmál, ýmis starfsemi: Gjöld hækki um 25 þús. kr. vegna liðarins 1.80 Orator, almenn lögfræðiaðstoð, sem hækkar í 80 þús. kr.
- 301 Biskup Íslands: Gjöld hækki alls um 300 þús. kr. vegna viðfangsefnisins 1.10 Æskulýðsstarf sem hækkar í 2 156 þús. kr. Gert er ráð fyrir stöðu æskulýðsfulltrúa á Austurlandi.
- 302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar: Önnur gjöld hækki um 150 þús. kr.
- 303 Prestaköll og prófastsdæmi: Liðurinn 6.20 Byggingar á prestssetrum hækki um 1 500 þús. kr. og verði 5 500 þús.kr.
- 304 Ýmis kirkjuleg málefni: Liðurinn hækkar um 699 þús. kr. Um skiptingu á einstaka liði vísast til breytingartillagna nefndarinnar. Tveir nýir liðir koma inn, Hólar í Hjaltadal, verði 225 þús. kr., og Kirkjuhús við Suðurgötu, verði 500 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneyti.

- 399 Vatnsveitur: Liðurinn hækki um 3 000 þús. kr. og verði 8 000 þús. kr.
- 700 Málefni fatlaðra: Gjöld hækki um 400 þús. kr. vegna þess að nýr liður, Starfsþjálfun, er tekinn upp.
- 701 Málefni fatlaðra í Reykjavík: Gjöld hækki um 747 þús. kr. vegna þess að tekinn er upp nýr liður, Verndaður vinnustaður.
- 703 Málefni fatlaðra á Vesturlandi: Gjöld hækki um 789 þús. kr. Hækkunin skýrist af því að tekinn er upp nýr liður, Verndaður vinnustaður, 537 þús.kr., og liðurinn 1.20 Sambýli á Akranesi hækkar um 252 þús. kr.
- 706 Málefni fatlaðra á Norðurlandi eystra: Gjöld hækka um 4 068 þús. kr. Hækkunin stafar af því að tekinn er upp nýr liður, Sumarbúðir í Botni, 900 þús. kr. liðurinn 1.01 Svæðisstjórn hækkar um 380 þús. og sértekjur á 1.30 Verndaður vinnustaður Hrísalundi lækka um 2 788 þús. kr. vegna þess að þau eru ofátluð í frv.
- 707 Málefni fatlaðra á Austurlandi: Gjöld hækki um 700 þús. kr. vegna liðarins 1.20 Sambýli Egilsstöðum og er þetta hækkun á launalið.

- 708 Málefni fatlaðra á Suðurlandi: Liðurinn 1.01 Svæðisstjórn hækki um 283 þús. kr.
 999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Gjöld hækki um 2 900 þús. kr. Um skiptingu hækkunarinnar á einstaka liði vísast til breytingartillagna nefndarinnar. Athygli er þó vakin á því að tekinn er upp nýr liður, Kvennaathvarf á Akureyri, 400 þús. kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

- 301 Landlæknir: Laun hækka um 500 þús. kr.
 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands: Önnur gjöld hækki um 150 þús. kr. vegna hækkunar á húsaleigu.
 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Stofnkostnaður hækkar alls um 22 100 þús. kr. Hækkun skiptist þannig að liðurinn 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækkar um 17 100 þús. kr. Einnig er tekinn upp nýr liður, Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur, 5 000 þús. kr.
 386 St. Jósefsspítali, Landakoti: Launakostnaður hækki um 920 þús. kr.
 387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri: Stofnkostnaður hækkar um 15 500 þús. kr.
 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Gjöld hækka um 5 000 þús. kr. Um skiptingu hækkunarinnar vísast til breytingartillagna nefndarinnar. Hér skal þó áréttað að teknir eru upp þrír nýir liðir: Kvartananevnd, 100 þús. kr., Útbreiðsla atvinnusjúkdóma, 250 þús. kr., og Krabbameinsfélag Íslands, fræðslumál, 500 þús. kr.
 481 Bindindisstarfsemi: Gjöld hækki um 75 þús. kr. vegna liðarins 1.20 Stórstúka Íslands sem hækkar í 400 þús. kr.
 501 Skólar heilbrigðisstétta: Gjöld hækka um 713 þús. kr. vegna þess að tekinn er upp nýr liður, Ljósmeðraskóli Íslands. Hér er um að ræða tilfærslu frá ríkisspítölunum, þjónustudeildum, þannig að breyting þessi leiðir ekki til hækkunar á frv.

10 Samgönguráðuneyti.

- 332 Vitastofnun Íslands: Önnur gjöld hækki um 4 200 þús. kr.
 333 Hafnarmál: Gjöld hækki alls um 28 525 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: Liðurinn 6.20 Ferjubryggjur hækkar um 300 þús. kr., liðurinn 6.30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækkar um 14 000 þús. kr., liðurinn 6.50 Endurgreiðslur lána hækkar um 10 000 þús. kr., liðurinn 6.51 Landshöfn Rífi hækkar um 1 500 þús. kr. og liðurinn 6.40 Sjóvarnargarðar hækkar um 2 725 þús. kr.
 342 Sjóslýsanefnd: Gjöld hækki um 130 þús. kr. vegna þess að teknir eru upp tveir nýir liðir, Sigmund Jóhannsson, hönnun björgunarbúnaðar, 80 þús. kr. og Björgunarnetið Markús, fræðslukvikmynd, 50 þús. kr.
 471 Flugmálastjórn: Gjöld hækki um 6 000 þús. kr. vegna hækkunar á liðnum 6.80 Flugvellir, framkvæmdir, í 61 000 þús. kr.
 485 Ýmis framlög: Gjöld hækki alls um 200 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að liðurinn 1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna hækkar í 400 þús. kr. og liðurinn 1.10 Flugbjörgunarsveitir hækkar í 700 þús. kr.
 652 Veðurstofa Íslands: Gjöld hækki um 5 842 þús. kr. Um skiptingu á einstaka liði vísast til breytingartillagna nefndarinnar.

11 Iðnaðarráðuneyti.

- 235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög: Gjöld hækki um 4 500 þús. kr. vegna þess að tekinn er upp nýr liður, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

299 Iðja og iðnaður, framlög: Gjöld hækki um 2 000 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að liðurinn 1.40 Iðnsaga Íslands hækkar í 2 000 þús. kr. Einnig er tekinn upp nýr liður, Kynning á íslenskum iðnaðarvörum, 500 þús. kr.

Alþingi, 11. des. 1984.

Pálmi Jónsson,
form., frsm.

Guðmundur Bjarnason.

Árni Johnsen.

Egill Jónsson.

Friðjón Þórðarson.

Þórarinn Sigurjónsson.